

Ed. 791. Frumvarp til laga [349. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Lárus Jónsson, Stefán Benediktsson, Tómas Árnason, Valdimar Indriðason, Eyjólfur Konráð Jónsson.

1. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 54. gr. laganna (sbr. 10. gr. laga nr. 8/1984) þarf innlagn 50% fjárfestingarsjóðstillags vegna rekstrarársins 1983 á bundinn reikning ekki að hafa átt sér stað fyrr en fyrir 1. júlí á árinu 1984. Innborganir á slíka reikninga í júnímánuði 1984 skulu bundnar í sex mánuði talið frá innborgunardegi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er voru gerðar allróttækar breytingar á tekjuskattslögum með lögum nr. 8/1984. Þessar breytingar urðu nokkuð síðbúnar og öðluðust lögina ekki gildi fyrr en 30. mars s. l. Hefur komið í ljós að rekstraraðilum gefst ekki tími til að ljúka uppgjöri nægilega snemma til þess að fyrir liggi fyrir 1. júní forsendur til að taka ákvörðun um tillag í fjárfestingarsjóði skv. ákvæðum hinna nýju laga. Er af þessum ástæðum nauðsynlegt í ár að veita eins mánaðar viðbótarfrest til innlagnar í bundna fjárfestingarsjóðsreikninga. Þykir einnig ástæða til að heimila að innlagn í slíka reikninga í júnímánuði 1984 sé laus til útborgunar eftir sex mánuði frá innlagnardegi í stað þess að miðað sé við fyrsta dag næsta mánaðar á eftir innlögn. Gefst þannig færi á því að nýta fjárfestingarsjóðstillagið til fjárfestinga strax á rekstrarárinu 1984 þrátt fyrir óvenjusíðbúið uppgjör.